



Reglugerð um körfuknattleiksmót

breytt 18.9.2023

1. grein

ÞÁTTÖKUSKILYRÐI

Aðeins félag innan Körfuknattleikssambands Íslands (KKÍ) og Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) eiga rétt til að taka þátt í opinberum körfuknattleiksmótum. Öll körfuknattleiksmót og körfuknattleikir skulu fara fram skv. lögum ÍSí og sérreglum um körfuknattleik.

Samþykktir Alþjóðakörfuknattleikssambandsins (FIBA) eru bindandi fyrir KKÍ.

2. grein

ÁBYRGÐ ÍÞRÓTTAMANNA

Íþróttamaður eða leikmaður æfir sig og keppir á eigin ábyrgð og ber framkvæmdastjórn viðkomandi móts enga ábyrgð á, þótt hann meiðist eða verði fyrir slysi í keppni.

3. grein

LEIKIR VIÐ ERLEND LIÐ

Heimboð erlendra körfuknattleiksliða og utanferðir sambandsaðila til þátttöku í opinberum mótum skulu vera með samþykki KKÍ.

4. grein

SVÆÐAKEPPNIR

Félögum innan KKÍ er heimilt að stofna til keppni innan ákveðinna svæða t.d. eins bandalags eða fleiri, svonefndra héraðsmóta, að fengnu leyfi KKÍ. Með umsóknum um leyfi til keppni skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

- Nafn keppninnar.
- Hvaða félag hafi rétt til keppninnar.
- Hvort keppt skuli skv. útsláttaraðferðinni (úr keppni eftir tapaðan leik) eða eftir flokkakerfinu.
- Hvort keppt sé um verðlaun.

Mótanefnd KKÍ er óleyfilegt að breyta ákvæðum um viðkomandi mót en getur hafnað umsóknum um mót ef umsóknum er ábótavant eða ef sýnt þykir að viðkomandi mót falli ekki að keppnisdagatali KKÍ.

5. grein

LEIKVELLIR

Um vallarstærð gildir ákvæði körfuknattleiksreglna, en þó getur KKÍ eða viðkomandi körfuknattleiksráð, þegar um héraðsmót er að ræða, veitt undanþágu ef sérstaklega stendur á eða ef óskað er. Stjórn KKÍ getur einnig veitt undanþágu frá ákvæðum körfuknattleiksreglna um vallarstærð fyrir þá flokka sem leika í Íslandsmótum og bikarkeppnum KKÍ.



Allir leikir í úrvalsdeildum karla og kvenna skulu leiknir á parketgólfi. Geti félag ekki leikið heimaleik á parketgólfi ber því að finna annan leikstað sem uppfyllir kröfur KKÍ ellegar greiða 50.000 krónur í sekt fyrir hvern leik sem leikinn er á öðru undirlagi.

Mótanefnd KKÍ heimilar notkun leikvalla í samræmi við reglugerð um mótanefnd.

6. grein

ÞÁTTTÖKUTILKYNNINGAR OG ÞÁTTTÖKUGJÖLD

KKÍ er heimilt að innheimta þátttökugjöld af félögum fyrir hvern flokk sem tekur þátt í mótum á vegum þess. Stjórn KKÍ skal gefa út gjaldskrá fyrir hvert keppnistímabil.

Félög skulu tilkynna þátttöku í Íslandsmót og bikarkeppni sem hér segir:

- fyrir 1. júní:
 - úrvalsdeild karla
 - úrvalsdeild kvenna
 - 1. deild karla
 - 1. deild kvenna
 - ungmennaflokkur kvenna
 - bikarkeppni meistaraflokka

- fyrir 15. júní
 - 2. deild karla
 - ungmennaflokkur karla
 - 12. flokkur karla
 - 12. flokkur kvenna
 - 11. flokkur karla
 - 10. flokkur drengja
 - 10. flokkur stúlkna
 - 9. flokkur drengja
 - 9. flokkur stúlkna
 - bikarkeppni yngri flokka

- fyrir 5. september
 - 3. deild karla

- Skráning í 2. deild kvenna og 4. deild karla er auglýst sérstaklega.
- Skráning í minnibolta, 7. og 8. flokk er auglýst sérstaklega.

Sæki félag um þátttöku eftir að skráningarfrestur rennur út skal það greiða tvöfalt þátttökugjald fái það þátttökurétt.

Félag sem hefur ekki greitt þátttökugjöld fyrir fyrri umferðir Íslandsmóta minnibolta áður en skráning hefst í næstu umferð getur ekki skráð sig til leiks í umrædda umferð.



Hætti félag við þátttöku eftir að þátttaka var tilkynnt í tveimur efstu deildum karla og kvenna skal það greiða sekt er samsvarar tvöföldu þátttökugjaldi viðkomandi deildar. Hætti aðrir meistaraflokkar eða yngri flokkar við keppni eftir að fyrstu drög hafa verið gefin út fellur þátttökugjald ekki niður.

Hætti félag við þátttöku þegar staðfest leikjadagskrá hefur verið gefin út eða ef keppni er hafin skal greiða sekt til KKÍ að upphæð kr. 250.000 í tveim efstu deildum karla og kvenna ásamt því sem samsvarar tvöföldu þátttökugjaldi viðkomandi deildar.

Hætti félag við þátttöku í öðrum meistaraflokkum eða yngri flokkum þegar innan við 14 dagar eru þar til keppni hefst í viðkomandi flokki eða móti skal sektin vera kr. 100.000.

Ef félög hætta þátttöku þá skulu þau tilkynna mótanefnd KKÍ það með sannanlegum hætti.

Gjalddagar þátttökugjalda í Íslandsmóti eru sex.

- 25. september,
- 25. október,
- 25. nóvember,
- 25. desember,
- 25. janúar og
- 25. febrúar.

Þátttökugjald er greitt fyrir hverja umferð í bikarkeppni og skal greiðast fyrir lok þess mánaðar sem umferðinni lýkur.

KKÍ er heimilt að innheimta þátttökugjöld, dómaragjöld og önnur gjöld sem á félögin kunna að verða lögð.

KKÍ er heimilt að reikna dráttarvexti á vanskil sem greidd eru eftir eindaga. Eindagi greiðslna er síðasti dagur þess mánaðar sem reikningur er gefinn út. Dráttarvextir reiknast þá af vangreiðdri fjárhæð frá gjalddaga. Standi aðildarfélög ekki í skilum á greiðslum til sambandsins skal stjórn beita þeim viðurlögum sem við á.

Félag sem skuldar KKÍ þegar kemur að skráningum í Íslandsmót og bikarkeppni er óheimilt að skrá lið til keppni.

Standi félög ekki skil á greiðslum til KKÍ hefur stjórn KKÍ heimild til að úrskurða að leikir þeirra í öllum flokkum dæmist þeim tapaðir 20:0.

7. grein

FRAMKVÆMD HEIMALEIKJA

Félög bera ábyrgð á að framkvæmd heimaleikja þeirra fari fram samkvæmt þeim viðmiðum og reglum sem fram koma í leikreglum og handbók KKÍ. Félag sem vanrækir umsjón með heimaleik, þannig að leikur fari ekki fram, tapar þeim leik. Félag hirða tekjur af heimaleikjum sínum í Íslandsmóti og þau bera einnig allan kostnað vegna framkvæmdar hans. Lið sem leikur á útivelli í Íslandsmóti ber allan kostnað vegna ferðalaga liðsins.



8. grein

LEIKHEIMILDIR, SKRÁNING LEIKMANNA, TÖLFRÆÐI OG ÚRSLITA

8.1. Almennt

Allir iðkendur félaga innan KKÍ skulu vera skráðir í félagakerfi ÍSÍ.

Þjálfari skal leggja fram útprentaðan leikmannalista á ritaraborð á leikstað minnst 30 mínútum fyrir leik, þar sem fram kemur nafn og kennitala leikmanna. Á leikmannalistann skal þjálfari vera búinn að merkja númer leikmanns við nafn hans.

Framkvæmdaaðili leiks (heimalið) skal koma leikskýrslunni til umsjónaraðila móts, en til skrifstofu KKÍ ef um Íslandsmót eða bikarkeppni er að ræða, eigi síðar en 4 dögum eftir leikdag, en miðað skal við pósthimpil (laugardagar og sunnudagar undanskildir). Skýrslur skulu berast skrifstofu KKÍ með sannanlegum hætti.

Leikskýrsla skal gerð á eyðublöð sem KKÍ gefur út eða eru gefin út í umboði þess. Heimilt er að nota rafrænar leikskýrslur með leyfi KKÍ.

8.2. Skráning leikmanna og leikheimildir í úrvalsdeildum, 1. deildum og bikarkeppni meistaraflokka

Einungis þeir leikmenn sem skráðir eru á leikmannalista meistaraflokks viðkomandi félags hafa heimild til að leika fyrir félagið í meistaraflokki, í þeirri deild sem leikmaðurinn er skráður á leikmannalista félagsins. Leikmaður sem ekki er skráður á leikmannalista hefur ekki leikheimild með viðkomandi félagi í viðkomandi deild og telst því ólöglegur með viðkomandi meistaraflokki á yfirstandandi tímabili. Við skráningu leikmanns á leikmannalista gilda sömu reglur og um félagaskipti, varðandi tímabil félagaskipta, skil gagna og skuldastöðu gagnvart KKÍ. Ekki er þá hægt að skrá leikmenn á leikmannalista meðan félagaskiptaglugginn er lokaður. Undanþegnir eru þó leikmenn félags sem eru yngri en 18 ára. Þeim leikmönnum er hægt að bæta við leikmannalista allt keppnistímabilið.

Skráning á leikmannalista gildir aðeins eitt tímabil í einu. Leikmaður sem hefur verið skráður á leikmannalista á fyrra tímabili skráist ekki sjálfkrafa á leikmannalista á síðari tímabilum.

Leikmenn á leikmannalistum skulu bera sama leiknúmer á keppnisbúningi sínum allt tímabilið. Tveir eða fleiri leikmenn félags mega ekki bera sama númer á sama keppnistímabili.

Við skráningu á leikmannalista þarf að skila, í það minnsta, eftirfarandi upplýsingum:

- Fullt nafn leikmanns
- Kennitala leikmanns
- Ný mynd af leikmanni í búningi félags
- Leiknúmer leikmanns
- Leikstaða leikmanns
- Hæð leikmanns
- Ríkisfang leikmanns

Séu veittar upplýsingar um leikmann rangar getur KKÍ afturkallað leikheimild.

8.3. Skráning leikmanna í deildarkeppni annarra deilda og flokka

Í deildarkeppni annarra meistaraflokka skal félag skrá alla leikmenn sína á leikmannalista. Við skráningu leikmanns á leikmannalista gilda sömu reglur og um félagaskipti, varðandi tímabil



félagaskipta, skil gagna og skuldastöðu gagnvart KKÍ. Ekki er þá hægt að skrá leikmenn á leikmannalista meðan félagaskiptaglugginn er lokaður.

Í deildarkeppni yngri flokka skal félag skrá alla leikmenn sína á leikmannalista. Hægt er að skrá leikmenn á leikmannalista allt keppnistímabilið, svo framarlega sem viðkomandi leikmenn eru ekki skráðir í annað félag.

Skráning á leikmannalista gildir aðeins eitt tímabil í einu. Leikmaður sem hefur verið skráður á leikmannalista á fyrra tímabili skráist ekki sjálfkrafa á leikmannalista á síðari tímabilum.

8.4. Skráning úrslita og tölfræði

Heimalið skal setja allar tölfræðiupplýsingar í rafrænt tölfræðikerfi sem KKÍ hefur umsjón með og leggur til félaganna. Í eftirfarandi deildum skal tölfræði send út beint í gegnum vef KKÍ. Staðfest tölfræði skal berast KKÍ eigi síðar en 2 klst. eftir að leik lýkur.

- Efsta deild karla
- Efsta deild kvenna
- 1. deild karla
- 1. deild kvenna
- Bikarkeppni meistaraflokka KKÍ
- Úrslitaviðureign 2. deildar karla

Í öllum öðrum leikjum en tilteknir eru hér, skulu félög skrá inn úrslit leikja á netið með þeim hætti sem KKÍ tilgreinir. Skulu úrslitin hafa borist KKÍ eigi síðar en 1 klst. eftir að leik lýkur. Í fjölíðamótum skulu úrslit allra leikja skráð á netið eigi síðar en 24 klst eftir síðasta leik fjölíðamóts af framkvæmdaraðila móts.

8.5. Sektarákvæði og ólöglegir leikmenn

Vanræksla á skýrsluskilum, skráningu úrslita og tölfræðiskráningu varðar sektum skv. eftirfarandi:

- Vanræksla á skýrsluskilum varðar dagsektum kr. 1.000,- á hverja skýrslu hvern dag í öllum flokkum
- Vanræksla á tölfræðiskráningu innan tilskilinna tímamarka varðar dagsekt kr. 20.000,- fyrir hvern leik
- Vanræksla á því að skila úrslitum í deildarkeppni innan tilskilinna tímamarka varðar dagsekt kr. 5.000,-
- Vanræksla á því að skila á úrslitum í fjölíðamóts innan tilskilinna tímamarka varðar dagsekt kr. 2.000,- á hvern leik

Komi í ljós að leikmaður sé ólöglegur, ber félag hans ábyrgð á því. Lið sem teflir fram ólöglegum leikmanni tapar leiknum. Hafi það verið lægra að stigum skulu úrslit standa óbreytt. Sé það hins vegar hærra að stigum skulu úrslit skráð tuttugu - núll (20-0), andstæðingum í vil.

Ef notaður er ólöglegur leikmaður í tveimur efstu deildum karla og kvenna, bikarkeppni meistaraflokka og meistarakeppni á vegum KKÍ er sektin 250.000 kr.

Ef notaður er ólöglegur leikmaður í öðrum deildum meistaraflokka karla og kvenna og deild B-liða skal sektin nema 25.000 kr. fyrir hvern ólöglegan leikmann. KKÍ getur beitt sektarákvæðum og breytt úrslitum leikja þegar upp kemst um ólöglega leikmenn, en þó innan yfirstandandi keppnistímabils.



9. grein

FRESTUN LEIKJA

Kapleikir eru aðeins gildir ef farið er eftir reglum KKÍ og ÍSí. Mótanefnd getur bannað að kapleikir fari fram, ef sýnt þykir að ekki muni farið eftir gildandi reglum. Mótanefnd KKÍ tekur ákvörðun um niðurröðun leikja og frestun þeirra samkvæmt reglugerð um mótanefnd.

Sé kapleik frestað vegna veðurs eða annarra orsaka skal hann fara fram næsta dag sem fært þykir. Ef leikjum er frestað eða færðir til án samráðs við mótanefnd KKÍ þá skal hvort lið sektað um kr. 50.000.

Þurfi að endurtaka leik, eða hafi leik verið frestað, hafa þeir einir rétt til þátttöku sem til þess höfðu rétt fyrir upphaflega leikinn.

Félög geta ekki frestað leikjum, en geta óskað eftir færslu leikja í samræmi við reglugerð um mótanefnd.

10. grein

LIÐ MÆTIR EKKI TIL LEIKS EÐA Í MÓT

Félag sem ekki mætir til leiks innan 15 mínútum frá auglýstum leiktíma skal greiða allan kostnað af leiknum vegna dómara, vallar, auglýsinga og ferðalaga mótaðilans. Auk þess sætir félagið sekt sem nemur öllum ferðakostnaði til viðkomandi leikstaðar, en þó aldrei lægri upphæð en kr. 150.000 í tveimur efstu deildum meistaraflokks en 75.000 í öðrum deildum og flokkum, sem rennur til þess félags sem leika átti gegn. Einnig greiðist sekt til KKÍ að upphæð kr. 150.000 í tveimur efstu deildum meistaraflokks og kr. 50.000 fyrir aðrar deildir og flokka.

Það lið sem mætir ekki til leiks telst hafa tapað leiknum samkvæmt reglum FIBA hverju sinni. Skulu hinir skipuðu dómara kveðja ritara til sem vitni og gefa skýrslu til KKÍ innan 24 klst að leikur hafi ekki farið fram og tilgreina ástæðu.

Lið sem mætir ólöglega skipað til leiks og sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni telst hafa tapað leiknum í samræmi við reglur FIBA hverju sinni.

Félag sem ekki mætir til leiks í tvo leiki í sama móti án gildra ástæðna að mati mótanefndar skal sektað skv. ofangreindu og vísað úr mótinu. Félagi sem er vísað úr móti skal greiða sekt sbr. 6. grein. Félag sem mætir ekki til leiks í fjölliðamót án gildra ástæðna að mati mótanefndar skal sektað fyrir alla leiki þess í viðkomandi fjölliðamóti og vísað úr mótinu.

Ef félag mætir ekki til leiks fær andstæðingur liðsins öll möguleg stig úr leiknum.

Ef félag hættir þátttöku eftir upphaf móts eða er vísað úr mótinu skal félagið tapa öllum áunnum stigum og sæta leikbanni til loka keppnistímabils. Jafnframt skal viðkomandi félag hefja þátttöku í næstu deild eða riðli ef það hyggst taka þátt í mótinu á næsta keppnistímabili.

Allar sektargreiðslur skulu innheimtar af KKÍ, nema annað sé tekið fram. Félag sem vanrækir sektargreiðslur missir rétt til þátttöku á næsta keppnistímabili.



11. grein

DÓMARAR

Dómaranefnd KKÍ skipar dómara á körfuknattleiki samkvæmt reglugerð um dómaranefnd.

Dómarar skulu vera orðnir 16 ára og hafa lokið dómaraprófi á vegum KKÍ og vera samþykktir af dómaranefnd KKÍ. Dómarar verða jafnframt að vera reiðubúnir til þess að dæma fyrir KKÍ eftir þörfum dómaranefndar. Dómaranefnd KKÍ ákvarðar með nánari hætti hvað telst vera virkur dómari.

Dómari sem fer til starfa út fyrir sitt heimahérað, skal fá fríar ferðir, fæði og gistingu sem greiðist af ferðasjóði dómara eða heimaliði. Ferðist dómari á eigin bifreið, skal honum greitt ákveðið gjald fyrir hvern ekinn kílómetur. Gjaldið skal ákveða árlega af stjórn KKÍ. Verði dómari, vegna veðurs eða annarra ófyrirsjáanlegra atvika, að vera burtu frá sínu heimahéraði á vinnudegi, skal hann eiga rétt á greiðslu. Greiðslan skal miðast við almenn daglaun verkamanna. Ferða- og fæðiskostnaði dómara í tveim efstu deildarkeppnum karla og kvenna skal skipta jafnt á lið viðkomandi deildar.

Ferða- og fæðiskostnaði dómara í úrslitakeppnum í tveim efstu deildum karla og kvenna skal skipt jafnt á þau lið sem í úrslitum eru. Fyrirkomulag á innheimtu og greiðslum skal vera hið sama og í deildarkeppninni.

Gjald í hverri deild skal ákveðið árlega af KKÍ.

Heimilt er hvoru félagi að hafa einn mann við ritara- og tímaborð á leikjum nema í þeim leikjum þar sem eftirlitsmaður er til staðar. Skal framkvæmdaaðili sjá þessum mönnum fyrir aðstöðu og eru þeir starfsmenn leiksins. Félag sem hyggst nýta sér þetta ákvæði skal tilkynna það til KKÍ og andstæðings minnst sólahring fyrir upphaf leiks.

12. grein

STJÖRNULEIKUR

KKÍ hefur einkarétt á að halda kappleik undir heitinu Stjörnuleikur. Er einstökum félögum innan vébanda sambandsins óheimilt að halda kappleik þar sem heiti þetta kemur fram á einn eða annan hátt. Við brot á reglu þessari er stjórn KKÍ heimilt að sekta viðkomandi félag um allt að 200.000 kr.

13. grein

RÉTTINDAMÁL

KKÍ og félögin innan KKÍ eru eigendur alls réttar, sem tengist mótahaldi KKÍ og/eða öðrum viðburðum skipulögðum af KKÍ. Þessi réttur og hagnýting hans nær m.a. til hvers kyns fjárhagslegra réttinda, upptöku- og útsendingaréttinda af öllu tagi, t.d. í sjónvarpi, í útvarpi, á internetinu og í síma, markaðsréttinda, kynningar- og höfundarréttar að höfðu samráði aðila.

Lúti hagnýting réttinda, svo sem sjónvarpsréttinda, markaðsréttinda, nafnaréttinda deilda, sala auglýsinga og markaðssetning að ákveðnum deildum, fer stjórn KKÍ með samningsumboð og ráðstöfun allra réttinda.

Allar greiðslur vegna hagnýtingar þessa réttar renna óskiptar til KKÍ.

KKÍ getur bannað alla hagnýtingu af mótahaldi og viðburðum KKÍ.



14. grein

FLOKKASKIPTING OG ALDUR LEIKMANNA

Aldur leikmanns miðast við áramót, þannig að verði leikmaður 21 árs eftir áramót er honum heimilt að leika með ungmennaflokkum út tímabilið en flutningur milli flokka skal fara fram 1. júlí ár hvert.

Leikmaður má aldrei leika með yngri aldursflokkum en honum ber, nema annað sé tiltekið sérstaklega í reglugerð. Öllum leikmönnum yngri aldursflokks er heimilt að leika hverju sinni með öllum aldursflokkum fyrir ofan sinn eigin. Leikmenn meistaraflokks karla og kvenna skulu gengnir upp úr 8. flokki.

Félagi er heimilt að sækja um undanþágu til KKÍ fyrir leikmenn sem eru á yngra eða yngsta ári aldursflokks um að leika með næsta aldursflokknum fyrir neðan, sé viðkomandi aldursflokkur ekki starfræktur hjá félaginu og viðkomandi leikmenn leika ekki með eldri aldursflokkum. Hvert félag getur sótt um undanþágu fyrir að hámarki 2 leikmenn. Sækja þarf um slíkar undanþágur fyrirfram til KKÍ. Undanþága þessi verður einungis veitt í vegna sérstakra aðstæðna, sem KKÍ metur í hverju tilfalli, og aðeins fyrir iðkendur í 8.-12. flokki. KKÍ getur sett frekari takmarkanir á veitingu undanþágu ef ástæða er til og getur óskað eftir öllum þeim gögnum sem sambandið telur nauðsynlegt til að meta aðstæður. Leiki leikmaður sem er á undanþágu með eldri aldursflokkum fellur undanþága viðkomandi leikmanns sjálfkrafa úr gildi og hefur hann því ekki leikheimild í næsta leik með yngri flokkum nema í sérstökum undantekningartilfellum.

Heimilt er að keppa með lið sem er kynjablandað eða skipað leikmönnum af gagnstæðu kyni. Leikmenn þessi geta ekki keppt bæði í sama aldursflokkum drengja og stúlkna en þó er það mögulegt ef um er að ræða tilfærslu á einstökum leikmönnum á milli liða.

Körfuknattleiksmönnum er skipt í flokka sem hér segir:

a) Konur:

- Meistaraflokkur 21 árs og eldri
- Ungmennaflokkur, 19 og 20 ára
- 12. flokkur 16, 17 og 18 ára
- 10. flokkur 15 ára
- 9. flokkur 14 ára
- 8. flokkur 13 ára
- 7. flokkur 12 ára
- Minnibolti 11 ára
- Minnibolti 10 ára
- Minnibolti 9 ára
- Minnibolti 8 ára
- Minnibolti 7 ára
- Minnibolti 6 ára og yngri

b) Karlar:

- Meistaraflokkur 21 árs og eldri
- Ungmennaflokkur 19 og 20 ára
- 12. flokkur 17 og 18 ára



- 11. flokkur 16 ára
- 10. flokkur 15 ára
- 9. flokkur 14 ára
- 8. flokkur 13 ára
- 7. flokkur 12 ára
- Minnibolti 11 ára
- Minnibolti 10 ára
- Minnibolti 9 ára
- Minnibolti 8 ára
- Minnibolti 8 ára
- Minnibolti 7 ára
- Minnibolti 6 ára og yngri

15. grein

ERLENDIR LEIKMENN

Í öllum deildum meistaraflokka karla og kvenna gildir að á leikvelli hverju sinni má mest vera einn leikmaður í hvoru liði sem ekki er ríkisborgari EES ríkis á meðan leikklukka gengur. Í bikarkeppni og meistarakeppni KKÍ gilda sömu reglur og í öllum deildum.

Erlendur ríkisborgari utan EES ríkis sem hefur búið á Íslandi samfelld í þrjú ár eða meira telst ekki sem erlendur leikmaður í reglugerð þessari og skal hann framvísa nauðsynlegum gögnum til skrifstofu KKÍ þar um. Staðfestingu KKÍ þarf til þess að leikmaður teljist með íslenskum/EES ríkisborgurum. Sá sem hefur leiktíðina sem erlendur leikmaður utan EES ríkis telst sem slíkur út leiktíðina og skal miða við fyrsta leik í móti á vegum KKÍ (Íslandsmót, bikarkeppnir eða önnur mót/leikir á vegum KKÍ), nema að fenginni undanþágu stjórnar KKÍ.

Brjótí félag gegn grein þessari telst félag hafa notað ólöglegan leikmann og skal sæta viðurlögum samkvæmt 8. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

16. grein

KEPPNISLEYFI FÉLAGA

Stjórn KKÍ er heimilt að setja fram handbók er snýr að keppnisleyfum til liða í tveim efstu deildum karla og kvenna. Félög í viðkomandi deildum þurfa að fara eftir þeim reglum er koma fram í handbókinni. Fari félag ekki eftir þeim reglum er stjórn KKÍ heimilt að veita ekki keppnisleyfi til félags í viðkomandi deild. Handbók fyrir komandi keppnistímabil skal gefin út fyrir 15. september.

Brjótí félag gegn ákvæðum og skyldum þeim er fram koma í handbók KKÍ getur stjórn KKÍ beitt sektarákvæðum reglugerðar þessarar í samræmi við það brot er fyrir liggur. Ítrekuð brot geta þýtt sviptingu keppnisleyfis. Beiti stjórn KKÍ sektum á félag er viðkomandi félagi heimilt að vísa málinu áfram til úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar KKÍ.

17. grein

ÍSLANDSMÓT



Íslandsmót í körfuknattleik skal halda á tímabilinu 1. júlí til 30. júní og sér mótanefnd KKÍ um mótið. Það félag sem sigrar í deildarkeppni eða í flokkakeppni yngri flokka hlýtur sæmdarheitið Íslandsmeistari.

Í Íslandsmóti meistaraflokka skal afhenda verðlaunapeninga þeim liðum sem leika til úrslita, 22 verðlaunapeninga hvoru liði, gull og silfur. Í þeim deildum þar sem ekki er leikið til úrslita skal veita verðlaun fyrir fyrsta og annað sæti. Í 1. deild karla fær það lið gull sem verður deildarmeistari. Í yngri flokkum skal afhenda 16 verðlaunapeninga.

Búningar körfuknattleiksliða skulu vera samkvæmt reglum FIBA.

Heimalið skal leika í ljósum búningum og útilið í dökkum. Ef félög vilja breyta þessu í stöku leikjum þá þarf liðið sem vill breyta að óska formlega eftir því við andstæðing sinn og tilkynna skrifstofu KKÍ minnst sólahring fyrir upphaf leiks.

Auglýsingar mega aðeins varða vörutegundir eða þjónustu sem heimilt er samkvæmt íslenskum lögum að auglýsa hverju sinni. Hvatningarorð verða ekki samþykkt.

Auglýsingar má aðeins setja á keppnis- og/eða æfingapeysur, skó og töskur. Setja má auglýsingu á keppnisbuxur og sokka að fengnu leyfi frá stjórn KKÍ. Félög í úrvalsdeildum og 1. deildum skulu skila hönnun eða teikningu af búningum sínum til skrifstofu KKÍ eigi síðar en 15. ágúst fyrir komandi keppnistímabil til skoðunar og staðfestingar. Standist búningar ekki leikreglur og reglur FIBA um búninga er KKÍ heimilt að hafna viðkomandi hönnun.

Gestalið í deildarkeppni og úrslitakeppni meistaraflokka skal ávalt eiga rétt á að kaupa 30% af seldum aðgöngumiðum á hvern leik. Þann rétt þarf að nýta í síðasta lagi 24 klst. fyrir auglýstan leiktíma.



18. grein

ÚRVALSDEILD KARLA

Keppni úrvalsdeildar fer fram í tveimur hlutum; deildarkeppni og úrslitakeppni. Fyrstu drög að leikjaniðurröðun skulu liggja fyrir eigi síðar en í lok júní. Mótanefnd skal gefa út leiktíma fyrir 1. júlí ár hvert, annarsvegar á virkum dögum og hinsvegar um helgar. Mótanefnd er þó heimilt að víkja frá þessu vegna beinna sjónvarpsútsendinga.

a) Deildarkeppni

Úrvalsdeildin skal skipuð 12 liðum sem leika tvöfalda umferð innbyrðis, þ.e.a.s. hvert lið leikur heima og að heiman gegn hverju hinna. Lið raðast í lokastöðu deildarinnar samkvæmt reglum FIBA, ef reglugerð um körfuknattleiksmót kveður ekki á um annað.

Liðið í efsta sæti að lokinni keppninni hlýtur sæmdarheitið deildarmeistari og skal fá afhentan eignabíkar.

Tvö neðstu lið úrvalsdeildar að lokinn deildarkeppni falla í 1. deild og leika þar á næstu leiktíð.

Að lokinni deildarkeppni hefst úrslitakeppni með þátttöku liðanna í átta efstu sætum deildarinnar.

b) Úrslitakeppni

Í úrslitakeppninni skiptast andstæðingar í hverri viðureign á að leika á heimavelli og ávallt er byrjað á heimavelli þess liðs sem ofar varð í deildarkeppninni. Um tekjuskiptingu gilda sömu reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti. Heimalið ber allan kostnað vegna dómara. Allan annan útlagðan kostnað sem liðin verða fyrir greiða þau sjálf.

Fjórðungsúrslit:

- 1) Lið nr. 1 - Lið nr. 8
- 2) Lið nr. 4 - Lið nr. 5
- 3) Lið nr. 3 - Lið nr. 6
- 4) Lið nr. 2 - Lið nr. 7

Hver viðureign stendur yfir þar til annað liðið hefur sigrað í þremur leikjum.

Undanúrslit:

Viðureignir nr. 5 og 6

Liðum skal raða aftur í samræmi við lokaniðurstöðu í deildarkeppni og skal það lið sem var efst þeirra liða sem eftir eru leika við það liða sem var neðst í viðureign nr. 5). Hin tvö liðin leika saman í viðureign nr. 6).

Hver viðureign stendur yfir þar til annað liðið hefur sigrað í þremur leikjum.

Úrslit:

7) Sigurvegari úr nr. 5 - Sigurvegari úr nr. 6

Úrslitaviðureignin stendur yfir þar til annað liðið hefur unnið þrjá leiki og telst það lið Íslandsmeistari í úrvalsdeild karla í körfuknattleik og skal fá afhenta farandbikar og eignabíkar.



19. grein

1. DEILD KARLA

Deildin skal skipuð 12 liðum þar sem leikin er tvöföld umferð. Hvert lið leikur innbyrðis heima og að heiman gegn hverju hinna.

a) Deildarkeppni

Lið raðast í lokastöðu deildarinnar samkvæmt reglum FIBA ef reglugerð um körfuknattleiksmót kveður ekki á um annað.

Liðið í efsta sæti að lokinni deildarkeppni hlýtur sæmdarheitið deildarmeistari og skal fá afhentan eignabikar ásamt því að færast beint upp í úrvalsdeild.

Neðsta lið deildarinnar fellur að lokinni deildarkeppni í 2. deild og leikur þar á næsta keppnistímabili.

Að lokinni deildarkeppni hefst úrslitakeppni með þátttöku liðanna í sætum tvö, þrjú, fjögur og fimm.

b) Úrslitakeppni

Í úrslitakeppninni skiptast andstæðingar í hverri viðureign á að leika á heimavelli og ávallt er byrjað á heimavelli þess liðs sem ofar varð í deildarkeppninni. Um tekjuskiptingu gilda sömu reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti. Heimalið ber allan kostnað vegna dómara, en allan annan útlagðan kostnað sem liðin verða fyrir greiða þau sjálf.

8 liða úrslit:

- 1) Lið nr. 2 – Lið nr. 9
- 2) Lið nr. 3 – Lið nr. 8
- 3) Lið nr. 4 – Lið nr. 7
- 4) Lið nr. 5 – Lið nr. 6

Hver viðureign stendur yfir þar til annað liðið hefur sigrað í þremur leikjum.

Undanúrslit:

Viðureignir 5 og 6. Sigurvegarar úr viðureignum 1, 2, 3 og 4.

Hver viðureign stendur yfir þar til annað liðið hefur sigrað í þremur leikjum.

Úrslit um sæti í úrvalsdeild:

- 7) Sigurvegarar úr viðureignum 5 og 6.

Liðin sem leika til úrslita um sæti í úrvalsdeild leika þar til annað liðið hefur unnið þrjá leiki og hlýtur sigurvegarinn sæti í úrvalsdeild.



20. grein

2. DEILD KARLA

- Hálfleikur: 10 mínútur.

Deildin skal skipuð þeim liðum sem ekki eiga sæti í úrvalsdeild eða 1. deild.

Þeim sjö leikmönnum sem leikið hafa flestar mínútur að meðaltali fyrir A-lið hverju sinni er ekki heimil þátttaka með B-liði. Sjö mínútuhestu leikmennirnir að meðaltali þurfa að vera núverandi leikmenn félagsins. Ekki skal telja þá leikmenn með sem sannarlega hafa skipt um félag eða eru farnir frá félagi sem hluta af þessum sjö mínútuhestu leikmönnum. Séu tveir eða fleiri leikmenn með jafn margar mínútur í 7. sæti í mfl. karla A-liða, er ekki heimilt að nota annan þeirra með B-liði (og C-liði osfrv).

a) Deildarkeppni

Mótanefnd er heimilt að veita B-liðum þátttökurétt í 2. deild karla. B-lið skulu leika sem gestalið og geta ekki færst upp um deild. Þau geta borið sigur úr bótum í deildinni en keppa ekki í úrslitakeppni deildarinnar. Mótanefnd KKÍ skal útfæra keppnisfyrirkomulag í 2. deild eftir fjölda liða hverju sinni, þó þannig að eftir að deildarkeppni lýkur skal haldin úrslitakeppni fyrir A-lið.

b) Úrslitakeppni

Um tekjuskiptingu gilda sömu reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti. Heimalið ber allan kostnað vegna dómara, en allan annan útlagðan kostnað sem liðin verða fyrir greiða þau sjálf.

Ef leikið er í einum riðli í deildarkeppninni skulu fjögur efstu A lið deildarinnar leika í úrslitakeppni.

Undanúrslit:

- 1) Lið nr. 1 – Lið nr. 4
- 2) Lið nr. 2 – Lið nr. 3

Úrslitakeppnin er útsláttarkeppni. Í undanúrslitum er leikinn einn leikur í hverri viðureign. Í úrslitum er leikið þar til annað liðið hefur sigrað í tveimur leikjum.

Úrslit:

- 3) Sigurvegari úr nr. 1 – Sigurvegari úr nr. 2

Ef leikið er í tveimur riðlum skal leika fjórðungsúrslit sem hér segir.

Fjórðungsúrslit:

- 1) A1 – B4
- 2) B2 – A3
- 3) B1 – A4
- 4) A2 – B3



Undanúrslit:

5) Sigurvegari úr nr. 1 - Sigurvegari úr nr. 2

6) Sigurvegari úr nr. 3 - Sigurvegari úr nr. 4

Úrslit:

7) Sigurvegari úr nr. 5 - Sigurvegari úr nr. 6

Séu fleiri en tveir riðlar ákveður mótanefnd form úrslitakeppninnar. Sigurvegari úrslitakeppni A-liða flyst upp í 1. deild og skal fá afhentan eignabikar.



21. grein

3. DEILD KARLA

- Hálfleikur: 10 mínútur.

Deildin skal skipuð þeim liðum sem ekki eiga sæti í úrvalsdeild, 1. deild eða 2. deild.

Þeim sjö leikmönnum sem leikið hafa flestar mínútur að meðaltali fyrir A-lið hverju sinni er ekki heimil þátttaka með B-liði. Sjö mínútuhestu leikmennirnir að meðaltali þurfa að vera núverandi leikmenn félagsins. Ekki skal telja þá leikmenn með sem sannarlega hafa skipt um félag eða eru farnir frá félagi sem hluta af þessum sjö mínútuhestu leikmönnum. Séu tveir eða fleiri leikmenn með jafn margar mínútur í 7. sæti í mfl. karla A-liða, er ekki heimilt að nota annan þeirra með B-liði (og C-liði osfrv).

a) Deildarkeppni

Mótanefnd er heimilt að veita B-liðum þátttökurétt í 3. deild karla. B-lið skulu leika sem gestalið og geta ekki færst upp um deild. Þau geta borið sig úr bótum í deildinni en keppa ekki í úrslitakeppni deildarinnar. Mótanefnd KKÍ skal útfæra keppnisfyrirkomulag í 3. deild eftir fjölda liða hverju sinni, þó þannig að eftir að deildarkeppni lýkur skal haldin úrslitakeppni fyrir A-lið.

b) Úrslitakeppni

Mótanefnd ákveður form úrslitakeppninnar.



22. grein

ÚRVALSDEILD KVENNA

Keppni úrvalsdeildar fer fram í tveimur hlutum; deildarkeppni og úrslitakeppni. Fyrstu drög að leikjaniðurröðun skulu liggja fyrir eigi síðar en í lok júní. Mótanefnd skal gefa út leiktíma fyrir 1. júlí ár hvert, annarsvegar á virkum dögum og hinsvegar um helgar. Mótanefnd er þó heimilt að víkja frá þessu vegna beinna sjónvarpsútsendinga.

a) Deildarkeppni

Deildin skal skipuð 10 liðum, en önnur lið leika í 1. deild. Leikin skal tvöföld umferð þar sem allir mæta öllum. Þegar leikin hefur verið tvöföld umferð skal skipta deildinni upp í A deild, sem er skipuð fimm efstu liðunum, og B deild sem er skipuð fimm neðstu liðunum. Innan hvorrar deildar skal leikin tvöföld umferð. Lið raðast í lokastöðu deildarinnar samkvæmt reglum FIBA, ef reglugerð um körfuknattleiksmót kveður ekki á um annað. Liðið í efsta sæti A-deild að lokinni keppninni hlýtur sæmdarheitið deildarmeistari og skal fá afhentan eignabíkar. Neðsta lið A deildar telst vera í 5. sæti úrvalsdeildar og efsta sæti B deildar telst vera í 6. sæti úrvalsdeildar. Neðsta lið B deildar að lokinni deildarkeppni fellur í 1. deild og leikur þar á næstu leiktíð. Að lokinni deildarkeppni hefst úrslitakeppni með þátttöku átta efstu liða úrvalsdeildar. Jafnframt hefst úrslitakeppni um sæti í úrvalsdeild á komandi leiktíð, þar sem næst neðsta sæti B deildar fer í úrslitakeppni ásamt liðum í 2.-4. sæti í 1. deild.

b) Úrslitakeppni

Í úrslitakeppninni skiptast andstæðingar í hverri viðureign á að leika á heimavelli og ávallt er byrjað á heimavelli þess liðs sem ofar varð í deildarkeppninni. Um tekjuskiptingu gilda sömu reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti. Heimalið ber allan kostnað vegna dómara. Allan annan útlagðan kostnað sem liðin verða fyrir greiða þau sjálf.

Fjórðungsúrslit:

- 1) Lið nr. 1 – Lið nr. 8
- 2) Lið nr. 2 – Lið nr. 7
- 3) Lið nr. 3 – Lið nr. 6
- 4) Lið nr. 4 – Lið nr. 5

Hver viðureign stendur yfir þar til annað liðið hefur sigrað í þremur leikjum.

Undanúrslit:

Viðureignir nr. 5 og 6

Liðum skal raða aftur í samræmi við lokaniðurstöðu í deildarkeppni og skal það lið sem var efst þeirra liða sem eftir eru leika við það lið sem var neðst í viðureign nr. 5). Hin tvö liðin leika saman í viðureign nr. 6).

Hver viðureign stendur yfir þar til annað liðið hefur sigrað í þremur leikjum.

Úrslit:

7) Sigurvegari úr nr. 5 - Sigurvegari úr nr. 6

Úrslitaviðureignin stendur yfir þar til annað liðið hefur unnið þrjá leiki og telst það lið Íslandsmeistari í úrvalsdeild kvenna í körfuknattleik og skal fá afhenta farandbikar og eignabíkar.



23. grein

1. DEILD KVENNA

Deildin skal skipuð þeim liðum sem ekki eiga sæti í úrvalsdeild.

Þeim sjö leikmönnum sem leikið hafa flestar mínútur að meðaltali fyrir A-lið hverju sinni er ekki heimil þátttaka með B- eða U-liði. Sjö mínútuhestu leikmennirnir að meðaltali þurfa að vera núverandi leikmenn félagsins. Ekki skal telja þá leikmenn með sem sannarlega hafa skipt um félag eða eru farnir frá félagi sem hluta af þessum sjö mínútuhestu leikmönnum. Séu tveir eða fleiri leikmenn með jafn margar mínútur í 7. sæti í mfl. kvenna A-liða, er ekki heimilt að nota annan þeirra með B-liði (og C-liði osfrv).

a) Deildarkeppni

Mótanefnd KKÍ ákveður keppnisfyrirkomulag deildarinnar hverju sinni með tilliti til fjölda þátttökuliða og getur skipt deildinni upp í 1. og 2. deild, verði fjöldi þátttökuliða 13 eða fleiri.

Ungmennaflokkslið kvenna, U-lið, leika í 1. deild kvenna. Þau skulu leika sem gestalið og geta ekki færst upp um deild. Þau geta borið sigur úr býtum í deildinni en keppa ekki í úrslitakeppni deildarinnar. Félag sem eiga lið í 1. deild kvenna er heimilt að skrá U-lið til keppni í deildina.

Mótanefnd er heimilt að veita B-liðum þátttökurétt í 1. deild kvenna. B-lið skulu leika sem gestalið og geta ekki færst upp um deild. Þau geta borið sigur úr býtum í deildinni en keppa ekki í úrslitakeppni deildarinnar.

Liðið í efsta sæti að lokinni deildarkeppni hlýtur sæmdarheitið deildarmeistari og skal fá afhentan eignabíkar ásamt því að færast beint upp í úrvalsdeild.

Að lokinni deildarkeppni hefst úrslitakeppni.

b) Úrslitakeppni

Í úrslitakeppninni skiptast andstæðingar í hverri viðureign á að leika á heimavelli og ávallt er byrjað á heimavelli þess liðs sem ofar varð í deildarkeppninni. Um tekjuskiptingu gilda sömu reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti. Heimalið ber allan kostnað vegna dómara, en allan annan útlagðan kostnað sem liðin verða fyrir greiða þau sjálf.

Undanúrslit:

- 1) Lið nr. 9 í úrvalsdeild – Lið nr. 4
- 2) Lið nr. 2 – Lið nr. 3

Hver viðureign stendur yfir þar til annað liðið hefur sigrað í þremur leikjum.

Úrslit um sæti í úrvalsdeild:

- 3) Sigurvegari úr nr. 1 – Sigurvegari úr nr. 2

Liðin sem leika til úrslita um sæti í úrvalsdeild leika þar til annað liðið hefur unnið þrjá leiki og hlýtur sigurvegarinn sæti í úrvalsdeild.

Ef fleiri en átta (8) A lið félaga taka þátt í 1. deild kvenna skal mótanefnd ákveða form úrslitakeppninnar.



24. grein

2. DEILD KVENNA

Deildin skal skipuð þeim liðum sem ekki eiga sæti í úrvalsdeild eða 1. deild.

Þeim tíu leikmönnum sem leikið hafa flestar mínútur að meðaltali fyrir A-lið hverju sinni er ekki heimil þátttaka með B-liði. Tíu mínútuhestu leikmennirnir að meðaltali þurfa að vera núverandi leikmenn félagsins. Ekki skal telja þá leikmenn með sem sannarlega hafa skipt um félag eða eru farnir frá félagi sem hluta af þessum tíu mínútuhestu leikmönnum. Séu tveir eða fleiri leikmenn með jafn margar mínútur í 10. sæti í mfl. kvenna A-liða, er ekki heimilt að nota annan þeirra með B-liði (og C-liði osfrv).

a) Deildarkeppni

Mótanefnd KKÍ skal útfæra keppnisfyrirkomulag fyrir deildina en þó þannig að leikið er í fjölliðamótsfyrirkomulagi yfir helgi.

Mótanefnd er heimilt að gefa B-liðum leyfi til að leika í 2. deild kvenna.

b) Úrslitakeppni

Mótanefnd KKÍ skal útfæra keppnisfyrirkomulag úrslitakeppni.



25. grein

ÍSLANDSMÓT YNGRI FLOKKA

25.1. Almenn

Keppnin skal fara fram á tímabilinu frá september til og með maí og skal skipta hverjum aldursflokki í riðla sem hér segir.

Í 7. flokki og 8. flokki skulu aldrei vera fleiri en sex (6) lið í riðli og ekki færri en þrjú (3). Styrkleikaskipta skal riðlunum og eru þeir nefndir A-riðill, B-riðill, C-riðill o.s.frv. eftir þörfum. Mótanefnd er heimilt að raða neðri riðlum í pýramída, þar sem leikið er í tveimur eða fleiri riðlum af sama styrkleika. Lokaröð félaga í viðkomandi árgangi tímabilið á undan skal ákveða í hvaða riðli lið hefur leik að hausti.

Mótanefnd hefur heimild til að gera breytingar á þessu fyrirkomulagi ef lið hætta keppni á miðju keppnistímabili. Leika skal í riðlunum eina helgi í senn og leika allir við alla innan sama riðils. Stefnt skal að því að leikið sé á laugardegi og sunnudegi og ef með þarf á föstudegi. Takist mótanefnd ekki að finna leikstað fyrir riðil skal skipuleggja keppni viðkomandi riðils í viðkomandi umferð sem heima og að heiman þar sem allir leika við alla innan riðilsins.

Bestu liðin hefja leik í A-riðli og þau lökustu í síðasta riðlinum. Að lokinni hverri umferð skulu lið flytjast á milli riðla sem hér segir. Neðsta lið í A-riðli færast í B-riðil. Efsta lið í B-riðli færast í A-riðil. Neðsta lið B-riðils færast í C-riðil og efsta lið C-riðils færast í B-riðil í næstu umferð o.s.frv. Í A-riðli halda fjögur efstu liðin sínu sæti og efsta lið B-riðils færast upp, sami flutningur milli riðla skal gilda um flutning milli B og C, C og D o.s.frv. Ávallt skal eitt lið færast upp og eitt eða fleiri lið fara niður um riðil.

Ef lið taka þátt í Íslandsmóti sem ekki tók þátt í því árið áður skal það hefja keppni í lakasta riðlinum eða í neðstu deild.

Í minnibolta 10 ára skulu leiknar fjórar umferðir á hverju tímabili.

Í minnibolta 11 ára, 7. og 8. flokki skulu leiknar fimm umferðir á hverju keppnistímabili.

Komi í ljós, áður en mót hefst, að forföll hafi orðið á þátttöku er mótanefnd heimilt að færa lið milli riðla, svo að fjöldi liða í riðlunum verði sem jafnastur. Það skal þó gert með tilliti til styrkleika liðanna. Neðsta lið næst síðustu umferðar í A riðli, þar sem einungis eru fjögur lið, fellur ekki. Það tekur sæti í A riðli ásamt efsta liði B riðils. Mótanefnd hefur heimild til að gera breytingar á þessu fyrirkomulagi ef lið hætta keppni á miðju keppnistímabili.

Í 7. og 8. flokki ávinnur það félag sem flest stig hlýtur úr fjórum fyrstu umferðum A-riðils Íslandsmóts sér rétt til að halda fimmtu umferð Íslandsmóts á sínum heimavelli.

Ávinni sama félag sér rétt til að halda loka umferð í fleiri en einum aldursflokki sömu keppnishelgi skal mótanefnd í samvinnu við félagið ákveða hvaða aldursflokkur fái mót á heimavelli. Geti stigahæsta félagið ekki haldið lokaumferð Íslandsmóts á sínum heimavelli skal rétturinn flytjast til næst stigahæsta liðsins o.s.frv. Félag sem sinnir ekki skyldu sinni með skil á úrslitum fjölíðamóta getur misst tilkall til að halda lokamót Íslandsmóts á heimavelli skv. ákvörðun mótanefndar.

Leikjaröðun:

3 lið (3 leikir)

1-2, 1-3, 2-3.

4 lið (6 leikir)

1-4, 2-3, 2-4, 1-3, 3-4, 1-2.

5 lið (10 leikir)

2-5, 1-4, 3-5, 2-4, 1-3, 4-5, 2-3, 1-5, 3-4, 1-2.

6 lið (15 leikir)

4-5, 2-3, 1-6, 3-5, 2-6, 1-4, 3-6, 2-4, 1-5, 4-6, 2-5, 1-3, 5-6, 3-4, 1-2.



Raða skal niður leikjum í úrslitafjölliðamótum eftir ofangreindri töflu. Taflan er þó ekki bindandi séu lið svo fá að ekki þurfi að keppa í riðlum né heldur í riðlakeppni Íslandsmóts yngri flokka.

Stjórn KKÍ er heimilt að innheimta svo kallað úrslitakeppnisgjald af þeim félögum sem komast í úrslitakeppni í yngri flokkum (9. fl.-u.fl.). Þeim peningum skal varið til að gera umgjörð úrslitaleikjanna sem glæsilegasta. Gjaldið er ákveðið af stjórn KKÍ ár hvert og birt í gjaldskrá KKÍ.

Verðlaun fyrir Íslandsmót má ekki afhenda, ef aðeins eitt lið tilkynnir þátttöku. Keppt skal um titilinn. Mótanefnd er heimilt að skipta landinu í keppnissvæði. Mótanefnd annast framkvæmd úrslitakeppni.

Félag má senda fleiri en eitt lið í hvern aldursflokk og getur þá skipt liðum eftir styrkleika (A, B, C o.s.frv.). Mótanefnd er heimilt að meina liði þátttöku í eldri aldursflokki.

Ekki er heimilt að færa leikmenn milli liða á meðan að keppnisriðlar (fjölliðamót) standa yfir hverju sinni.

Það félag sem hefur umsjón með móti í yngri flokkum skal leitast við að tefla fram dómurum sem hafa til þess tilskilin réttindi og eru í dómaraþúning.

Ef ekki er annað tekið fram gilda almennar reglur FIBA hverju sinni.

25.2. Úrslitakeppni yngri flokka

Mótanefnd skal útfæra úrslitakeppni í þeim yngri flokkum þar sem leikið er í deildarkeppni (9. flokk og eldri). Mótanefnd skal gæta jafnræðis við ákvörðun sína á milli aldursflokka. Mótanefnd skal kynna fyrirkomulag úrslitakeppni yngri flokka eigi síðar en í febrúar á yfirstandandi tímabili. Almenn skal leikið á heimavelli þess liðs sem ofar er í töfluröð.



26. grein

UNGMENNAFLOKKUR KARLA

- Aldur: 19 og 20 ára.
- Leiktími: 4 x 10 mínútur.
- Hálfleikur: 5 mínútur, 1 mínúta milli leikhluta.

7 leikjahæstu leikmönnum A liðs er óheimilt að leika með B liði.

14 leikjahæstu leikmönnum A og B liða samanlagt, er óheimilt að leika með C liði o.s.frv.

Hverju liði er heimilt að tefla fram allt að þremur leikmönnum sem eru 23 ára eða yngri, sem ekki eru meðal sjö mínútuhestu leikmanna meistaraflokks karla. Aldur leikmanns miðast við áramót sbr. 14. grein.

Deildarkeppni

Í ungmennaflokki skal leikið í deildarkeppni heima og að heiman. Leika skal í einum riðli (deild) þegar félög eru 11 eða færri en í tveimur riðlum ef félög eru 12 eða fleiri.

Mótanefnd KKÍ skal útfæra keppnisfyrirkomulag verði félög sem taka þátt 19 eða fleiri. Hvert lið í ungmennaflokki skal leika 22 leiki í deildarkeppni yfir tímabilið óháð fjölda þátttökuliða.



27. grein

12. FLOKKUR KARLA

- Aldur: 17 og 18 ára.
- Leiktími: 4 x 10 mínútur.
- Hálfleikur: 5 mínútur, 1 mínúta milli leikhluta.

7 leikjahæstu leikmönnum A liðs er óheimilt að leika með B liði.

14 leikjahæstu leikmönnum A og B liða samanlagt, er óheimilt að leika með C liði o.s.frv.

Deildarkeppni

Í 12. flokki skal leikið í deildarkeppni heima og að heiman. Leika skal í einum riðli (deild) þegar félög eru 11 eða færri en í tveimur riðlum ef félög eru 12 eða fleiri.

Mótanefnd KKÍ skal útfæra keppnisfyrirkomulag verði félög sem taka þátt 19 eða fleiri. Ef leikið er í tveimur eða fleiri riðlum (deildum) skulu félög skiptast í riðla (deildir) sem hér segir: Árangur 12. flokks tímabilið á undan skal gilda 50% á móti árangri í 11. flokki tímabilið á undan.

Hvert lið í 12. flokki skal leika 22 leiki í deildarkeppni yfir tímabilið óháð fjölda þátttökuliða.



28. grein

11. FLOKKUR KARLA

- Aldur: 16 ára.
- Leiktími: 4 x 10 mínútur.
- Hálfleikur: 5 mínútur, 1 mínúta milli leikhluta.

7 leikjahæstu leikmönnum A liðs er óheimilt að leika með B liði.

14 leikjahæstu leikmönnum A og B liða samanlagt, er óheimilt að leika með C liði o.s.frv.

Deildarkeppni

Í 11. flokki skal leikið í deildarkeppni heima og að heiman. Leika skal í einum riðli (deild) þegar félög eru 11 eða færri en í tveimur riðlum ef félög eru 12 eða fleiri.

Mótanefnd KKÍ skal útfæra keppnisfyrirkomulag verði félög sem taka þátt 19 eða fleiri. Ef leikið er í tveimur eða fleiri deildum skulu félög skiptast í deildir sem hér segir: Árangur í 10. flokki árið á undan skal gilda til að raða.

Hvert lið í 11. flokki skal leika 22 leiki í deildarkeppni yfir tímabilið óháð fjölda þátttökuliða.



29. grein

10. FLOKKUR DRENGJA

- Aldur: 15 ára eða 10. bekkur grunnskólans.
- Leiktími: 4 x 10 mínútur.
- Hálfleikur: 5 mínútur, 1 mínúta milli leikhluta.

7 leikjahæstu leikmönnum A liðs er óheimilt að leika með B liði.

14 leikjahæstu leikmönnum A og B liða samanlagt, er óheimilt að leika með C liði o.s.frv.

Deildarkeppni

Í 10. flokki skal leikið í deildarkeppni heima og að heiman. Leika skal í einum riðli (deild) þegar félög eru 11 eða færri en í tveimur riðlum ef félög eru 12 eða fleiri.

Mótanefnd KKI skal útfæra keppnisfyrirkomulag verði félög sem taka þátt 19 eða fleiri. Ef leikið er í tveimur eða fleiri deildum skulu félög skiptast í deildir sem hér segir: Árangur í 9. flokki árið á undan skal gilda til að raða.

Hvert lið skal leika 20 leiki í deildarkeppni yfir tímabilið óháð fjölda þátttökuliða.



30. grein

9. FLOKKUR DRENGJA

- Aldur: 14 ára eða 9. bekkur grunnskólans.
- Hálfleikur: 5 mínútur, 1 mínúta milli leikhluta.
- Leiktími: 4 x 8 mínútur.
- Leikhlé: 2 í hálfleik.

Ekki er heimilt að leika svæðisvörn í 9. flokki, hvorki á varnar- né sóknarvelli. Verði lið uppvíst að því að spila ólöglega vörn skal stöðva leikinn og aðvara þjálfara brotlega liðsins. Við endurtekin brot skal dæma tæknivillu (C) á þjálfara brotlega liðsins.

7 leikjahæstu leikmönnum A liðs er óheimilt að leika með B liði.

14 leikjahæstu leikmönnum A og B liða samanlagt, er óheimilt að leika með C liði o.s.frv.

Deildarkeppni

Í 9. flokki skal leikið í deildarkeppni heima og að heiman. Leika skal í einum riðli (deild) þegar félög eru 11 eða færri en í tveimur riðlum ef félög eru 12 eða fleiri.

Mótanefnd KKI skal útfæra keppnisfyrirkomulag verði félög sem taka þátt 19 eða fleiri. Ef leikið er í tveimur eða fleiri deildum skulu félög skiptast í deildir sem hér segir: Árangur í 8. flokki árið á undan skal gilda til að raða. Þau lið sem röðuðu sér efst að lokinni riðlakeppni í 8. flokki fara í 1. deild, önnur lið keppa í 2. deild, og ef með þarf 3. og 4. deild.

Hvert lið skal leika 18 leiki í deildarkeppni yfir tímabilið óháð fjölda þátttökuliða.



31. grein

8. FLOKKUR DRENGJA

- Aldur: 13 ára eða 8. bekkur grunnskólans.
- Leiktími: 4 x 8 mínútur.
- Hálfleikur: 3 mínútur, 1 mínúta á milli leikhluta.
- Framlenging: 3 mínútur.
- Leikhlé: 1 í hálfleik.

Ekki er heimilt að leika svæðisvörn í 8. flokki, hvorki á varnar- né sóknarvelli. Verði lið uppvíst að því að spila ólöglega vörn skal stöðva leikinn og aðvara þjálfara brotlega liðsins. Við endurtekin brot skal dæma tæknivillu (C) á þjálfara brotlega liðsins.

24 sek. skotklukka skal gangsett er sóknarlið kemur bolta kemur yfir miðlínu.

Leika skal með boltastærð nr. 6 á stórar körfur.

Við leikbrot á varnarvelli, þannig að vald bolta færist yfir til varnarliðs, er því liði heimilt að taka innkast án aðkomu dómara, rétt eins og eftir skoraða körfu. Einungis það lið sem hefur nú vald á boltanum má framkvæma skiptingu eða taka leikhlé við þessar aðstæður. Ekki er heimilt að tefja fyrir innkasti mótherja. Sé dæmd villa á annað hvort liðið er framkvæmd innkasts eins og gert er ráð fyrir í leikreglum.

Það lið er Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í A-riðli í síðustu umferð.



32. grein

7. FLOKKUR DRENGJA

- Aldur: 12 ára eða 7. bekkur grunnskólans.
- Leiktími: 4 x 8 mínútur.
- Hálfleikur: 3 mínútur, 1 mínúta á milli leikhluta.
- Framlenging: 3 mínútur.
- Leikhlé: 1 í hálfleik.

Ekki er heimilt að leika svæðisvörn í 7. flokki, hvorki á varnar- né sóknarvelli. Verði lið uppvíst að því að spila ólöglega vörn skal stöðva leikinn og aðvara þjálfara brotlega liðsins. Við endurtekin brot skal dæma tæknivillu (C) á þjálfara brotlega liðsins.

24 sek. skotklukka skal gangsett er sóknarlið kemur bolta kemur yfir miðlínu.

Leika skal með boltastærð nr. 6 á stórar körfur.

Við leikbrot á varnarvelli, þannig að vald bolta færist yfir til varnarliðs, er því liði heimilt að taka innkast án aðkomu dómara, rétt eins og eftir skoraða körfu. Einungis það lið sem hefur nú vald á boltanum má framkvæma skiptingu eða taka leikhlé við þessar aðstæður. Ekki er heimilt að tefja fyrir innkasti mótherja. Sé dæmd villa á annað hvort liðið er framkvæmd innkasts eins og gert er ráð fyrir í leikreglum.

Það lið er Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í A-riðli í síðustu umferð.



33. grein

MINNIBOLTI DRENGJA 11 ÁRA

- Aldur: 11 ára eða 6. bekkur grunnskólans.
- Leiktími: 2 x 10 mínútur.
- Hálfleikur: 1 mínúta, leikklokka er ekki stöðvuð nema síðustu leikmínútu í hvors hálfleiks.
- Framlenging: 1 x 3 mínútur. Ef enn er jafnt skal leikið þar til annað liðið skorar (gullkarfa).
- Leikhlé: 1 í leiknum.
- Boltastærð: nr. 5.
- Hæð körfu: 260 cm.

Sóknarlið má ekki setja hindrun fyrir leikmann með bolta. Verði lið uppvíst að því skal dæma sóknarvillu.

Ef brotið er á leikmanni í skoti er einungis tekið 1 vítaskot, sem gefur 2 eða 3 stig. Ef brotið er á leikmanni sem skorar gildir vítaskotið 1 stig. Víталína er í 4,0m fjarlægð frá körfu. Hægt að fá 1, 2 eða 3 stig fyrir hverja skoraða körfu.

- Vítaskot gefa 1 stig
- Skot fyrir innan skádregna þriggja stiga línu gefa 2 stig
- Skot fyrir utan gefa 3 stig

Nái stigamunur milli liða 20 stigum skal hætta að telja stig þess liðs sem leiðir leikinn, þar til munur er kominn niður fyrir 20 stig. Stigatafla og leikskýrsla skal því aldrei sýna meiri mun en 20 stig.

Skiptingar eru frjálssar og því þarf ekki þarf að bíða eftir að bolti er úr leik eða að dómari gefi merki. Varamaður má þó ekki koma inn á leikvöll fyrr en samherji sem skipta skal útaf er kominn út fyrir leikvöllinn og skal skiptingin fara fram við varamannabekk liðsins.

Einungis er heimilt að leika maður á mann vörn. Varnarlið má ekki tvöfalda eða gildra (e. double team, trap). Verði lið uppvíst að því að spila ólöglega vörn skal dómari stöðva leikinn og aðvara þjálfara brotlega liðsins. Við endurtekin brot skal dæma tæknivillu (C) á þjálfara brotlega liðsins.

Við leikbrot á varnavelli, þannig að vald bolta færast yfir til varnarliðs, er því liði heimilt að taka innkast án aðkomu dómara, rétt eins og eftir skoraða körfu. Einungis það lið sem hefur nú vald á boltanum má framkvæma skiptingu eða taka leikhlé við þessar aðstæður. Ekki er heimilt að tefja fyrir innkasti mótherja. Sé dæmd villa á annað hvort liðið er framkvæmd innkasts eins og gert er ráð fyrir í leikreglum.

Hvert lið skal skipað minnst fjórum og mest sjö leikmönnum. Aðeins fjórir leikmenn úr hvoru liði skulu vera inná leikvelli hverju sinni. Miða skal við að leikvöllur sé 18 metrar á lengd og 12 metrar á breidd eða stærri. Mótanefnd getur heimilað leiki á völlum sem uppfylla ekki þetta skilyrði.

Hverju félagi er heimilt að senda ótakmarkaðan fjölda liða til leiks. Leika skal í styrkleikaskiptum riðlum og raða skal í riðla miðað við árangur á næsta móti á undan. Fyrir hvert mót sendir félag skráningu með fjölda liða og styrkleika.



Riðlum er raðað í pýramída, þar sem leikið er í einum A riðli, tveimur B riðlum, fjórum C riðlum og eins mörgum D riðlum og þurfa þykir.

Lið í efstu deild, A-deild fá stig til Íslandsmeistaratitils eftir lokaröðun síðustu þriggja umferða sem hér segir:

1. sæti fær 5 stig
2. sæti fær 4 stig
3. sæti fær 3 stig
4. sæti fær 2 stig
5. sæti fær 1 stig



34. grein

MINNIBOLTI DRENGJA 10 ÁRA

- Aldur: 10 ára eða 5. bekkur grunnskólans.
- Leiktími: 2 x 10 mínútur.
- Hálfleikur: 1 mínúta, leikklokka er ekki stöðvuð nema síðustu leikmínútu í hvors hálfleiks.
- Framlenging: 1 x 3 mínútur. Ef enn er jafnt skal leikið þar til annað liðið skorar (gullkarfa).
- Leikhlé: 1 í leiknum.
- Boltastærð: nr. 5.
- Hæð körfu: 260 cm.

Sóknarlið má ekki setja hindrun fyrir leikmann með bolta. Verði lið uppvíst að því skal dæma sóknarvillu.

Ef brotið er á leikmanni í skoti er einungis tekið 1 vítaskot, sem gefur 2 eða 3 stig. Ef brotið er á leikmanni sem skorar gildir vítaskotið 1 stig. Víталína er í 4,0m fjarlægð frá körfu. Hægt að fá 1, 2 eða 3 stig fyrir hverja skoraða körfu.

- Vítaskot gefa 1 stig
- Skot fyrir innan skáðregna þriggja stiga línu gefa 2 stig
- Skot fyrir utan skáðregna þriggja stiga línu gefa 3 stig

Nái stigamunur milli liða 20 stigum skal hætta að telja stig þess liðs sem leiðir leikinn, þar til munur er kominn niður fyrir 20 stig. Stigatafla og leikskýrsla skal því aldrei sýna meiri mun en 20 stig.

Skiptingar eru frjálssar og því þarf ekki þarf að bíða eftir að bolti er úr leik eða að dómari gefi merki. Varamaður má þó ekki koma inn á leikvöll fyrr en samherji sem skipta skal útaf er kominn út fyrir leikvöllinn og skal skiptingin fara fram við varamannabekk liðsins.

Einungis er heimilt að leika maður á mann vörn. Varnarlið má ekki tvöfalda eða gildra (e. double team, trap). Verði lið uppvíst að því að spila ólöglega vörn skal dómari stöðva leikinn og aðvara þjálfara brotlega liðsins. Við endurtekin brot skal dæma tæknivillu (C) á þjálfara brotlega liðsins.

Við leikbrot á varnavelli, þannig að vald bolta færir yfir til varnavelli, er því liði heimilt að taka innkast án aðkomu dómara, rétt eins og eftir skoraða körfu. Einungis það lið sem hefur nú vald á boltanum má framkvæma skiptingu eða taka leikhlé við þessar aðstæður. Ekki er heimilt að tefja fyrir innkasti mótherja. Sé dæmd villa á annað hvort liðið er framkvæmd innkasts eins og gert er ráð fyrir í leikreglum.

Hvert lið skal skipað minnst fjórum og mest sjö leikmönnum. Aðeins fjórir leikmenn úr hvoru liði skulu vera inná leikvelli hverju sinni. Miða skal við að leikvöllur sé 18 metrar á lengd og 12 metrar á breidd eða stærri. Mótanefnd getur heimilað leiki á völlum sem uppfylla ekki þetta skilyrði.

Hverju félagi er heimilt að senda ótakmarkaðan fjölda liða til leiks. Leika skal í styrkleikaskiptum riðlum og raða skal í riðla miða við árangur á næsta móti á undan. Fyrir hvert mót sendir félag skráningu með fjölda liða og styrkleika.



Riðlum er raðað í pýramída, þar sem leikið er í einum A riðli, tveimur B riðlum, fjórum C riðlum og eins mörgum D riðlum og þurfa þykir.

Lið í efstu deild, A-deild fá stig til Íslandsmeistaratitils eftir lokaröðun síðustu tveggja umferða sem hér segir:

1. sæti fær 5 stig
2. sæti fær 4 stig
3. sæti fær 3 stig
4. sæti fær 2 stig
5. sæti fær 1 stig



35. grein

UNGMENNAFLOKKUR KVENNA

- Aldur: 19 og 20 ára.

7 leikjahæstu leikmönnum A liðs er óheimilt að leika með B liði.

14 leikjahæstu leikmönnum A og B liða samanlagt, er óheimilt að leika með C liði o.s.frv.

Hverju liði er heimilt að tefla fram allt að þremur leikmönnum sem eru 23 ára eða yngri, sem ekki eru meðal sjö mínútu hæstu leikmanna meistaraflokks kvenna. Aldur leikmanns miðast við áramót sbr. 14. grein.

a) Deildarkeppni

Í ungmennaflokki skal leikið í 1.deild kvenna. U-lið skulu leika sem gestalið og geta ekki færst upp um deild.

b) Úrslitakeppni

Mótanefnd KKÍ skal útfæra keppnisfyrirkomulag úrslitakeppni.



36. grein

12. FLOKKUR KVENNA

- Aldur: 16, 17 og 18 ára.
- Leiktími: 4 x 10 mínútur.
- Hálfleikur: 5 mínútur, 1 mínúta milli leikhluta.

7 leikjahæstu leikmönnum A liðs er óheimilt að leika með B liði.

14 leikjahæstu leikmönnum A og B liða samanlagt, er óheimilt að leika með C liði o.s.frv.

Deildarkeppni

Í 12. flokki skal leikið í deildarkeppni heima og að heiman. Leika skal í einum riðli (deild) þegar félög eru 11 eða færri en í tveimur riðlum ef félög eru 12 eða fleiri.

Mótanefnd KKÍ skal útfæra keppnisfyrirkomulag verði félög sem taka þátt 19 eða fleiri. Ef leikið er í tveimur eða fleiri riðlum (deildum) skulu félög skiptast í riðla (deildir) sem hér segir: Árangur 12. flokks tímabilið á undan skal gilda 67% á móti árangri í 10. flokki tímabilið á undan.

Hvert lið í 12. flokki skal leika 22 leiki í deildarkeppni yfir tímabilið óháð fjölda þátttökuliða.



37. grein

10. FLOKKUR STÚLKNA

- Aldur: 15 ára eða 10. bekkur grunnskólans.
- Leiktími: 4 x 10 mínútur.
- Hálfleikur: 5 mínútur, 1 mínúta milli leikhluta.

7 leikjahæstu leikmönnum A liðs er óheimilt að leika með B liði.

14 leikjahæstu leikmönnum A og B liða samanlagt, er óheimilt að leika með C liði o.s.frv.

Deildarkeppni

Í 10. flokki skal leikið í deildarkeppni heima og að heiman. Leika skal í einum riðli (deild), þegar félög eru 11 eða færri en í tveimur riðlum ef félög eru 12 eða fleiri.

Mótanefnd KKI skal útfæra keppnisfyrirkomulag verði félög sem taka þátt 19 eða fleiri. Ef leikið er í tveimur eða fleiri deildum skulu félög skiptast í deildir sem hér segir: Árangur í 9. flokki árið á undan skal gilda til að raða.

Hvert lið skal leika 20 leiki í deildarkeppni yfir tímabilið óháð fjölda þátttökuliða.



38. grein

9. FLOKKUR STÚLKNA

- Aldur: 14 ára eða 9. bekkur grunnskólans.
- Hálfleikur: 5 mínútur, 1 mínúta milli leikhluta.
- Leiktími: 4 x 8 mínútur.
- Leikhlé: 2 í hálfleik.

Ekki er heimilt að leika svæðisvörn í 9. flokki, hvorki á varnar- né sóknarvelli. Verði lið uppvíst að því að spila ólöglega vörn skal stöðva leikinn og aðvara þjálfara brotlega liðsins. Við endurtekin brot skal dæma tæknivillu (C) á þjálfara brotlega liðsins.

7 leikjahæstu leikmönnum A liðs er óheimilt að leika með B liði.

14 leikjahæstu leikmönnum A og B liða samanlagt, er óheimilt að leika með C liði o.s.frv.

Deildarkeppni

Í 9. flokki skal leikið í deildarkeppni heima og að heiman. Leika skal í einum riðli (deild) þegar félög eru 11 eða færri en í tveimur riðlum ef félög eru 12 eða fleiri.

Mótanefnd KKI skal útfæra keppnisfyrirkomulag verði félög sem taka þátt 19 eða fleiri. Ef leikið er í tveimur eða fleiri deildum skulu félög skiptast í deildir sem hér segir: Árangur í 8. flokki árið á undan skal gilda til að raða. Þau lið sem röðuðu sér efst að lokinni riðlakeppni í 8. flokki fara í 1. deild, önnur lið keppa í 2. deild, og ef með þarf 3. og 4. deild.

Hvert lið skal leika 18 leiki í deildarkeppni yfir tímabilið óháð fjölda þátttökuliða.



39. grein

8. FLOKKUR STÚLKNA

- Aldur: 13 ára eða 8. bekkur grunnskólans.
- Leiktími: 4 x 8 mínútur.
- Hálfleikur: 3 mínútur, 1 mínúta á milli leikhluta.
- Framlenging: 3 mínútur.
- Leikhlé: 1 í hálfleik.

Ekki er heimilt að leika svæðisvörn í 8. flokki, hvorki á varnar- né sóknarvelli. Verði lið uppvíst að því að spila ólöglega vörn skal stöðva leikinn og aðvara þjálfara brotlega liðsins. Við endurtekin brot skal dæma tæknivillu (C) á þjálfara brotlega liðsins.

24 sek. skotklukka skal gangsett er sóknarlið kemur bolta kemur yfir miðlínu.

Við leikbrot á varnarvelli, þannig að vald bolta færast yfir til varnarliðs, er því liði heimilt að taka innkast án aðkomu dómara, rétt eins og eftir skoraða körfu. Einungis það lið sem hefur nú vald á boltanum má framkvæma skiptingu eða taka leikhlé við þessar aðstæður. Ekki er heimilt að tefja fyrir innkasti mótherja. Sé dæmd villa á annað hvort liðið er framkvæmd innkasts eins og gert er ráð fyrir í leikreglum.

Það lið er Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í A-riðli í síðustu umferð.



40. grein

7. FLOKKUR STÚLKNA

- Aldur: 12 ára eða 7. bekkur grunnskólans.
- Leiktími: 4 x 8 mínútur.
- Hálfleikur: 3 mínútur, 1 mínúta á milli leikhluta.
- Framlenging: 3 mínútur.
- Leikhlé: 1 í hálfleik.

Ekki er heimilt að leika svæðisvörn í 7. flokki, hvorki á varnar- né sóknarvelli. Verði lið uppvíst að því að spila ólöglega vörn skal stöðva leikinn og aðvara þjálfara brotlega liðsins. Við endurtekin brot skal dæma tæknivillu (C) á þjálfara brotlega liðsins.

24 sek. skotklukka skal gangsett er sóknarlið kemur bolta kemur yfir miðlínu.

Leika skal með boltastærð nr. 6 á stórar körfur.

Við leikbrot á varnarvelli, þannig að vald bolta færist yfir til varnarliðs, er því liði heimilt að taka innkast án aðkomu dómara, rétt eins og eftir skoraða körfu. Einungis það lið sem hefur nú vald á boltanum má framkvæma skiptingu eða taka leikhlé við þessar aðstæður. Ekki er heimilt að tefja fyrir innkasti mótherja. Sé dæmd villa á annað hvort liðið er framkvæmd innkasts eins og gert er ráð fyrir í leikreglum.

Það lið er Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í A-riðli í síðustu umferð.



41. grein

MINNIBOLTI STÚLKNA 11 ÁRA

- Aldur: 11 ára eða 6. bekkur grunnskólans.
- Leiktími: 2 x 10 mínútur.
- Hálfleikur: 1 mínúta, leikklokka er ekki stöðvuð nema síðustu leikmínútu í hvors hálfleiks.
- Framlenging: 1 x 3 mínútur. Ef enn er jafnt skal leikið þar til annað liðið skorar (gullkarfa).
- Leikhlé: 1 í leiknum.
- Boltastærð: nr. 5.
- Hæð körfu: 260 cm.

Sóknarlið má ekki setja hindrun fyrir leikmann með bolta. Verði lið uppvíst að því skal dæma sóknarvillu.

Ef brotið er á leikmanni í skoti er einungis tekið 1 vítaskot, sem gefur 2 eða 3 stig. Ef brotið er á leikmanni sem skorar gildir vítaskotið 1 stig. Víталína er í 4,0m fjarlægð frá körfu. Hægt að fá 1, 2 eða 3 stig fyrir hverja skoraða körfu.

- Vítaskot gefa 1 stig
- Skot fyrir innan skádregna þriggja stiga línu gefa 2 stig
- Skot fyrir utan skádregna þriggja stiga línu gefa 3 stig

Nái stigamunur milli liða 20 stigum skal hætta að telja stig þess liðs sem leiðir leikinn, þar til munur er kominn niður fyrir 20 stig. Stigatafla og leikskýrsla skal því aldrei sýna meiri mun en 20 stig.

Skiptingar eru frjálssar og því þarf ekki þarf að bíða eftir að bolti er úr leik eða að dómari gefi merki. Varamaður má þó ekki koma inn á leikvöll fyrr en samherji sem skipta skal útaf er kominn út fyrir leikvöllinn og skal skiptingin fara fram við varamannabekk liðsins.

Einungis er heimilt að leika maður á mann vörn. Varnarlið má ekki tvöfalda eða gildra (e. double team, trap). Verði lið uppvíst að því að spila ólöglega vörn skal dómari stöðva leikinn og aðvara þjálfara brotlega liðsins. Við endurtekin brot skal dæma tæknivillu (C) á þjálfara brotlega liðsins.

Við leikbrot á varnavelli, þannig að vald bolta færir yfir til varnarliðs, er því liði heimilt að taka innkast án aðkomu dómara, rétt eins og eftir skoraða körfu. Einungis það lið sem hefur nú vald á boltanum má framkvæma skiptingu eða taka leikhlé við þessar aðstæður. Ekki er heimilt að tefja fyrir innkasti mótherja. Sé dæmd villa á annað hvort liðið er framkvæmd innkasts eins og gert er ráð fyrir í leikreglum.

Hvert lið skal skipað minnst fjórum og mest sjö leikmönnum. Aðeins fjórir leikmenn úr hvoru liði skulu vera inná leikvelli hverju sinni. Miða skal við að leikvöllur sé 18 metrar á lengd og 12 metrar á breidd eða stærri. Mótanefnd getur heimilað leiki á völlum sem uppfylla ekki þetta skilyrði.

Hverju félagi er heimilt að senda ótakmarkaðan fjölda liða til leiks. Leika skal í styrkleikaskiptum riðlum og raða skal í riðla miðað við árangur á næsta móti á undan. Fyrir hvert mót sendir félag skráningu með fjölda liða og styrkleika.



Riðlum er raðað í pýramída, þar sem leikið er í einum A riðli, tveimur B riðlum, fjórum C riðlum og eins mörgum D riðlum og þurfa þykir.

Lið í efstu deild, A-deild fá stig til Íslandsmeistaratitils eftir lokaröðun síðustu þriggja umferða sem hér segir:

1. sæti fær 5 stig
2. sæti fær 4 stig
3. sæti fær 3 stig
4. sæti fær 2 stig
5. sæti fær 1 stig



42. grein

MINNIBOLTI STÚLKNA 10 ÁRA

- Aldur: 10 ára eða 5. bekkur grunnskólans.
- Leiktími: 2 x 10 mínútur.
- Hálfleikur: 1 mínúta, leikklokka er ekki stöðvuð nema síðustu leikmínútu í hvors hálfleiks.
- Framlenging: 1 x 3 mínútur. Ef enn er jafnt skal leikið þar til annað liðið skorar (gullkarfa).
- Leikhlé: 1 í leiknum.
- Boltastærð: nr. 5.
- Hæð körfu: 260 cm.

Sóknarlið má ekki setja hindrun fyrir leikmann með bolta. Verði lið uppvíst að því skal dæma sóknarvillu.

Ef brotið er á leikmanni í skoti er einungis tekið 1 vítaskot, sem gefur 2 eða 3 stig. Ef brotið er á leikmanni sem skorar gildir vítaskotið 1 stig. Víталína er í 4,0m fjarlægð frá körfu. Hægt að fá 1, 2 eða 3 stig fyrir hverja skoraða körfu.

- Vítaskot gefa 1 stig
- Skot fyrir innan skáðregna þriggja stiga línu gefa 2 stig
- Skot fyrir utan skáðregna þriggja stiga línu gefa 3 stig

Nái stigamunur milli liða 20 stigum skal hætta að telja stig þess liðs sem leiðir leikinn, þar til munur er kominn niður fyrir 20 stig. Stigatafla og leikskýrsla skal því aldrei sýna meiri mun en 20 stig.

Skiptingar eru frjálssar og því þarf ekki þarf að bíða eftir að bolti er úr leik eða að dómari gefi merki. Varamaður má þó ekki koma inn á leikvöll fyrr en samherji sem skipta skal útaf er kominn út fyrir leikvöllinn og skal skiptingin fara fram við varamannabekk liðsins.

Einungis er heimilt að leika maður á mann vörn. Varnarlið má ekki tvöfalda eða gildra (e. double team, trap). Verði lið uppvíst að því að spila ólöglega vörn skal dómari stöðva leikinn og aðvara þjálfara brotlega liðsins. Við endurtekin brot skal dæma tæknivillu (C) á þjálfara brotlega liðsins.

Við leikbrot á varnavelli, þannig að vald bolta færir yfir til varnarliðs, er því liði heimilt að taka innkast án aðkomu dómara, rétt eins og eftir skoraða körfu. Einungis það lið sem hefur nú vald á boltanum má framkvæma skiptingu eða taka leikhlé við þessar aðstæður. Ekki er heimilt að tefja fyrir innkasti mótherja. Sé dæmd villa á annað hvort liðið er framkvæmd innkasts eins og gert er ráð fyrir í leikreglum.

Hvert lið skal skipað minnst fjórum og mest sjö leikmönnum. Aðeins fjórir leikmenn úr hvoru liði skulu vera inná leikvelli hverju sinni. Miða skal við að leikvöllur sé 18 metrar á lengd og 12 metrar á breidd eða stærri. Mótanefnd getur heimilað leiki á völlum sem uppfylla ekki þetta skilyrði.

Hverju félagi er heimilt að senda ótakmarkaðan fjölda liða til leiks. Leika skal í styrkleikaskiptum riðlum og raða skal í riðla miða við árangur á næsta móti á undan. Fyrir hvert mót sendir félag skráningu með fjölda liða og styrkleika.



Riðlum er raðað í pýramída, þar sem leikið er í einum A riðli, tveimur B riðlum, fjórum C riðlum og eins mörgum D riðlum og þurfa þykir.

Lið í efstu deild, A-deild fá stig til Íslandsmeistaratitils eftir lokaröðun síðustu tveggja umferða sem hér segir:

1. sæti fær 5 stig
2. sæti fær 4 stig
3. sæti fær 3 stig
4. sæti fær 2 stig
5. sæti fær 1 stig



43. grein

MINNIBOLTAMÓT FÉLAGA

1. Reglugerð þessi nær yfir þau mót sem félög halda fyrir iðkendur í minnibolta 10 ára og yngri.
2. Félög sem ætla að halda mót fyrir þennan aldurshóp þurfa að uppfylla skilyrði sem sett eru fram í þessari reglugerð, 4. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót og 4. grein reglugerðar um mótanefnd.
3. Á þessum mótum eru þjálfarar hvattir til að aðstoða dómara leiksins við dómgæslu.
4. Hvert mót skal að lágmarki uppfylla eftirfarandi kröfur:

A. 1.-2. bekkur grunnskólans

- I. leika skal 3-gegn-3
- II. leiktími 1 x 10 mín. eða 1 x 12 mín
- III. hvert lið skal fá 4 leiki hið minnsta
- IV. varnarmaður má ekki taka bolta af sóknarmanni sem hefur vald á boltanum
- V. að jafnaði skal dæma á skref og leiðbeina iðkendum um reglurnar
- VI. að jafnaði skal dæma tvígrip
- VII. fái sóknarmaður vítaskot má hann ráða því hvar vítaskotið er tekið
- VIII. sóknarlið má ekki setja hindrun fyrir leikmann með bolta

B. 3.-4. bekkur grunnskólans

- I. leika skal 4-gegn-4
- II. leiktími 1 x 10 mín. eða 1 x 12 mín.
- III. hvert lið skal fá 5 leiki hið minnsta
- IV. varnarmaður má ekki taka bolta af sóknarmanni sem hefur vald á boltanum
- V. dæma skal á skref
- VI. dæma skal á tvígrip
- VII. sóknarlið má ekki setja hindrun fyrir leikmann með bolta

C. 5. bekkur grunnskólans

- I. leiktími 2 x 10 mín.
- II. leika skal 4-gegn-4
- III. dæma skal á skref
- IV. dæma skal á tvígrip
- V. ekki er heimilt að leika bolta aftur fyrir miðju
- VI. sóknarlið má ekki setja hindrun fyrir leikmann með bolta



44. grein

MEISTARAKEPPNI KKÍ

Í upphafi hvers tímabils áður en Íslandsmót úrvalsdeilda karla og kvenna hefst skal stjórn KKÍ standa fyrir Meistarakeppni KKÍ í karla og kvennaflokki. Stjórn KKÍ skipuleggur þessa leiki í samráði við þau félag sem leika í hvert sinn. Leikið skal til skiptis á heimavelli Íslandsmeistara karla og Íslandsmeistara kvenna.

Það lið sem verður Íslandsmeistari skal leika við það lið sem sigraði í bikarkeppni KKÍ. Ef sama lið sigrar í báðum keppnunum þá leika Íslandsmeistararnir við liðið sem tapaði í bikarúrslitaleiknum. Sigurvegarar fá sæmdarheitið Meistarar meistaranna.

Hagnaði af leikjum Meistarakeppni KKÍ skal ráðstafað til góðgerðarmálefnis sem valið skal af stjórn KKÍ ár hvert.

Meistarakeppni KKÍ skal leika áður en fyrsta umferð í efstu deild er leikin.

Stjórn KKÍ annast framkvæmd keppinnar.



45. grein

BIKARKEPPNI KKÍ

Bikarkeppni KKÍ er haldin í eftirtöldum flokkum:

- a) Meistaraflokkur karla og kvenna
- b) 12. flokkur karla og kvenna
- c) 11. flokkur karla og kvenna
- d) 10. flokkur drengja og stúlkna
- e) 9. flokkur drengja og stúlkna

Almennt

Framkvæmd keppinnar er í höndum mótanefndar KKÍ. Öllum aðildarfélögum er heimilt að senda lið til þátttöku og má hvert félag má senda tvö lið til keppni í meistaraflokki, telst það lið A lið sem tekur þátt í deildarkeppni. Í öðrum aldursflokkum er fjöldi liða ekki takmarkaður. Leikmenn sem hafa leikið með A-liði mega ekki leika með B-liði og öfugt. Lið sem leika sem A-lið í Íslandsmóti teljast A-lið í bikarkeppni.

Keppnin er með útsláttarfyrikomulagi. Leikmanni sem skiptir um lið er heimilt að leika með nýju liði en þó er ekki heimilt að leika með tveimur félögum í sömu umferð nema um venslasamninga sé að ræða.

Bikarkeppnin fer fram á eftirfarandi hátt

Leika skal þannig að fjöldi þátttökuliða verði sem svo fljótt sem unnt er heilt veldi af tveimur. Í bikarkeppni meistaraflokks A-liða gildir að þau lið sem leika í efstu deild og 1. deild öðlast sjálfkrafa þátttökurétt í 32-liða úrslitum ásamt þeim liðum sem þá eru eftir úr neðri deildum.

Niðurröðun á leikjum fer þannig fram að dregið er um það hvaða lið leika saman. Draga skal til skiptis þau tvö lið er leika saman, 1 og 2, 3 og 4 o.s.frv. Fær það lið, sem fyrr er dregið, heimaleik nema í 32-liða úrslitum í meistaraflokki. Þá fær það lið sem leikur í neðri deild heimaleik. Utandeildalið geta ekki fengið heimaleik í 32-liða úrslitum. Frá og með 16 liða úrslitum skal það lið sem á undan er dregið ávallt fá heimaleik. Það lið, sem sigrar kemst áfram í næstu umferð.

Mótanefnd KKÍ skal ákveða fyrikomulag forkeppni í þeim flokkum er hennar gerist þörf.

Í meistaraflokki karla og kvenna skal stefnt að því að úrslitaleikir fara fram í Laugardalshöll en mótanefnd hefur heimild til að ákveða annan leikstað meðal annars með tilliti til kostnaðar. Mótanefnd skal tilkynna að hausti á formannafundi um leikstað og kostnað félaganna vegna úrslitaleikjanna. Í öðrum flokkum skal mótanefnd ákveða hvar úrslitaleikirnir fara fram.

Mótanefnd skal dagsetja úrslitaleikina og hefur einnig heimild til að breyta áður nefndum dagsetningum séu til þess gildar ástæður að mati nefndarinnar.

Heimalið fær allar tekjur og ber allan kostnað við framkvæmd leiks að undanskildum ferðakostnaði. Ferðakostnaður skal greiddast að jöfnu af báðum liðum og skal mótanefnd ákvarða hámarks ferðakostnað á einstökum leiðum. Miðað skal við fjölda þeirra leikmanna sem skráðir eru á leikskýrslu viðkomandi leiks auk allt að fjögurra starfsmanna. Þetta á þó ekki við um undan- og úrslitaleiki bikarkeppni en framkvæmd þeirra leikja er í höndum KKÍ og ferðakostnaður liða í þeim umferðum skal greiddast að jöfnu af þátttökuliðum í viðkomandi umferð.



Ef ágreiningur kemur upp um kostnaðarskiptingu og aðilar komast ekki að samkomulagi er hægt að vísa ágreiningnum til mótanefndar KKÍ sem úrskurðar í málinu. Niðurstaða mótanefndar er endanleg og er ekki hægt að skjóta þeirri niðurstöðu til dómstóla KKÍ.

Lið sem mætir ekki til leiks í bikarkeppni án gildra ástæðna að mati mótanefndar fellur samstundis úr keppni.

Í bikarkeppni skal afhenda þeim liðum sem leika til úrslita verðlaunapeninga, hvoru liði 22 verðlaunapeninga (gull og silfur) í meistaraflokkum en 16 verðlaunapeninga í yngri flokkum.

Bikarkeppni yngri flokka:

Félag sem fær heimaleik skal finna leiktíma í samráði við mótanefnd innan tveggja virkra daga frá bikardrætti. Verði félag ekki við þessu skal mótanefnd víxla heimavöllum og fær það þá lið sem seinna var dregið heimaleik og skal þá, eftir að mótanefnd hefur tilkynnt svo með sannanlegum hætti, finna leiktíma í samráði við mótanefnd innan þriggja virkra daga. Verði það félag sem seinna var dregið ekki við þessu er mótanefnd heimilt að finna hlutlausan völl fyrir leikinn á kostnað viðkomandi félaga auk 20.000 kr. sektar sem rennur til KKÍ.

Ferðakostnaður skal greiðast að jöfnu af báðum liðum og skal mótanefnd ákvarða ferðakostnað á einstökum leiðum. Miðað skal við fjölda þeirra leikmanna sem skráðir eru á leikskýrslu viðkomandi leiks auk allt að tveggja starfsmanna. Dómarakostnaður skiptist jafnt milli liða.

Stjórn KKÍ er heimilt að innheimta gjald af þeim félögum sem komast í bikarúrslit í yngri flokkum, svokallað bikarúrslitagjald, enda verði þeim peningum varið til að gera umgjörð bikarúrslitaleikjanna sem glæsilegasta. Gjaldið er ákveðið af stjórn KKÍ ár hvert og birt í gjaldskrá KKÍ.

Komi félag fleiri liðum en þremur í bikarúrslit yngri flokka, mun KKÍ greiða bikarúrslitagjald fyrir öll lið umfram þrjú.